

Alþingi
Erindi nr. Þ 140/1409
komudagur 6.3.2012

SIÐMENNT
Félag siðrænna húmanista á Íslandi
Æsufelli 4, 2F
111 Reykjavík
www.sidmennt.is
sidmennt@sidmennt.is

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

5. mars 2012

Til allsherjar- og menntanefndar Alþingis

Umsögn Siðmenntar, félags siðrænna húmanista á Íslandi, um frumvarp til breytinga á lögum nr. 108/1999 þingskjal 771 – 509 mál.

Stjórn Siðmenntar, félags siðrænna húmanista, fagnar frumvarpinu sem mun jafna stöðu lífsskoðunarfélaga (trúarlegra sem veraldlegra) og þar með réttindi þess hluta landsmanna sem hafa aðra lífsskoðun en trúarlega. Siðmennt vill koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum.

Almennt

Allt frá stofnun Siðmenntar, árið 1990, hefur eitt af megin baráttumálum félagsins verið að vinna að jafnræði lífsskoðunarfélaga. Siðmennt telur að með breytingum á núverandi lögum náist markmið lagasetningarinnar, það er: „ . . . að jafna stöðu lífsskoðunarfélaga á við skráð trúfélög og koma á og viðhalda jafnrétti og jöfnum tækifærum trúfélaga og lífsskoðunarfélaga og jafna þar með stöðu umræddra félaga á öllum sviðum samfélagsins.“

Í greinagerð frumvarpsins er vitnað í grein Oddnýjar Mjallar Arnardóttur hdl. þar sem kemur fram að skortur er á vernd íslensku stjórnarskrárinnar á rétti trúleysingja og þeirra sem aðhyllast önnur hugmyndakerfi en trúarleg. Að hann sé ekki sá sami og þeirra sem trúa. Hvatt er til þess, með vísan í ákall Sameinuðu þjóðanna, að veita og tryggja virka og jafna vernd þessara hópa. Rétt er að benda á að við þá breytingu sem lagt er til á lögum nr. 108/1999 er ekki verið að ganga á rétt annarra né sá réttur skertur. Einungis er verið að jafna rétt þeirra sem hafa veraldlegar lífsskoðanir á við þær trúarlegu.

Í þessu frumvarpi er orðið lífsskoðunarfélag notað í þröngri merkingu, þ.e. einungis þegar átt er við um lífsskoðunarfélag án trúar á æðri mátt. Það er hins vegar ekki rétta meaning þess, því að hugtakið lífsskoðun (e.

life stance) gerir ekki upp á milli trúarlegra eða veraldlegra skoðana. Hins vegar er skiljanlegt að hikað sé við að taka upp þessa almennu merkingu þess því að þá myndi orðið „trúfélag“ falla niður á sumum stöðum. T.d. fyrir sögn 2. gr. laganna myndi þá heita „Skráning lífsskoðunarfélaga“ og það heiti innifæli bæði trúfélög og veraldlega lífsskoðunarfélög. Hugsanlegt er að sum trúfélög setji sig upp á móti slíkri breytingu og því nær þetta frumvarp vart lengra með þessa þróun hugtaka en nú er orðið. Því er beint til stjórnvalda að huga að breytingum á þessum lögum innan tiltekins tíma tii dæmis innan þriggja ára en eins og bent er á í greinagerð með frumvarpinu var í Noregi gerðar svipaða breytingar en eftir ákveðin tíma voru löggin endurskoðuð og sérstök lög um veraldleg lífsskoðunarfélög samþykkt.

Um 4. grein frumvarpsins

Hér er fjallað um 2. mgr 3. gr lagana og viðbót við 1. mgr. Siðmennt ítrekar skoðun sína á að nauðsynlegt sé að skilgreining á lífsskoðun komi fram eins og hún er í frumvarpinu. Skilyrðin sem sett eru nægja til að sýna fram á ábyrga starfsemi. Með því að tala frekar um yfirgripsmikið hugmyndakerfi er þó farið fram á að ekki sé um fátæklega og takmarkaða hugmyndafræði að ræða, sem raunin gæti verið ef einhver ætlaði sér að búa til eitthvað gervifélag til að hala inn sóknargjöld.


Um 9. greinina

Lagt er til í frumvarpinu að gerð verði breytingar á 8. grein um skráningu barna í trúfélög sem hingað til hefur verið sjálfkrafa við fæðingu þess. Það er skoðun Siðmenntar að ríkið eigi ekki að sjá um skráningu fólks í trú- eða lífsskoðunarfélög. Það er hlutverk foreldra að sjá um slíkt en ekki ríkis. Siðmennt leggur til að farin verði sú leið sem Svíar hafa farið. Þar fæðist barn ekki inn í trú eða trúfélag og að ríkið sér ekki um skráningu þess heldur. Ef foreldrar óska eftir aðild barns að trúfélagi er það gert með skírni eða sambærilegri athöfn. Einnig skal bent á í þessu tilliti að skírni er hugtak í kristni en sambærileg veraldleg athöfn er nafngjöf. Félagið telur þó breytinguna eins og hún er orðuð bæta núverandi skráningu.

Stjórn Siðmenntar lýsir yfir vilja sínum til að mæta á fundi til þess að rökstyðja svar sitt betur.

Virðingarfyllt

F.h. Siðmenntar



Bjarni Jónsson